

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um húsnæðissjálfsseignarstofnanir.

Frá Óla Birni Kárasyni.

1. Hversu margar húsnæðissjálfsseignarstofnanir (óhagnaðardrífín leigufélög) eru á Íslandi, hvað heita þær og í hvaða sveitarfélögum hafa þær starfsemi?
2. Hversu margar íbúðir á hver húsnæðissjálfsseignarstofnun og hversu margar íbúðir eru í byggingu á vegum húsnæðissjálfsseignarstofnana?
3. Hvaða húsnæðissjálfsseignarstofnanir birta ársreikninga sína opinberlega?
4. Hvar er hægt að nálgast samþykktir hverrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar?
5. Hversu hátt stofnframlag hefur ríkið veitt hverri húsnæðissjálfsseignarstofnun?
6. Hver á eigið fé sem myndast vegna matsbreytinga fjárfestingareigna í húsnæðissjálfsseignarstofnunum?
7. Hvernig þróaðist eigið fé húsnæðissjálfsseignarstofnana árin 2018–2023?
8. Hvert er eigið fé þeirra húsnæðissjálfsseignarstofnana sem hafa fengið stofnframlög frá ríkinu og hve stór hluti þess er vegna matsbreytinga fjárfestingareigna?

Skriflegt svar óskast.